

TILRAUNASTÖÐ HAKSÓLANS Í MEINAFRÆÐI  
KELDUM VIÐ VESTURLANDSVEG 110 RVK  
S: (91) -674700. -674738. 985-21644

Alþingi  
Eindi nr. 116 / 1965  
komudagur 23/2 1993

KELDUM. 22. FEBR. 1993

LANDBÚNADARNEFND ALÞINGIS  
b/t Elínar Blöndal nefndarritara  
ALÞINGI - 150 R E Y K J A V Í K

MALEFNI: UMSÖGN DÝRALÆKNA Á KELDUM UM  
„FRUMVARP TIL LAGA UM DÝRASJÚKDÓMA OG VARNIR GEGN ÞEIM“.

Hinn 25 apríl s.l. sendu dýralæknar á Keldum umsögn um „Frumvarp til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim“ að beiðni formanns landbúnaðarnefndar Alþingis. Nú, þegar þetta frumvarp hefur verið lagt fram að nýju, án þess að athugasemdir okkar virðist hafa komist til skila nema að litlu leyti, þrátt fyrir það sem stendur í greinargerð með frumvarpinu, þykir okkur hlýða að áréttu fyrri umsögn frá 25/4 '92 og auka nokkru við. Ath. einnig fyrri greinargerð.

Sameining laga frá ýmsum tímum er varða dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim má ekki verða til þess að niður falli mikilvæg ákvæði úr þeim lögum sem leggja á niður eins verða mun, ef frumvarp þetta verður samþykkt lítið breytt. Það mun veikja varnir gegn smitsjúkdómum en ekki styrkja. Ekki getur slikt verið tilgangur með setningu heildarlaga.

/f\*#

Barátta stendur gegn riðuveiki í sauðfé, sem einnig getur sýkt nautgripi og loödyr. Sú barátta mun ef vel gengur halda áfram í 15-20 ár ennþá vegna eðlis þessarar veiki. Ljóst er að ný smithætta blasir við vegna aukinna viðskipta með landbúnaðarafurðir og jafnvel lifandi dýr og erfðavísu þeirra í framhaldi af staðfestingu Alþingis á lögum um evrópskt efnahagssvæði.

Við afnám laga nr. 23/1956 og 12/1967 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra munu að óbreyttu frumvarpi falla niður ákvæði um fjárskiptafélög og framkvæmd fjárskipta, en heimamenn hafa verið framkvæmda- og kostnaðaraðilar við þau störf að miklu leyti. Við þetta gætu útgjöld ríkisins stóraukist þar sem kostnaður færist yfir á það. Meira máli skiptir þó að ábyrgðin á fjársölu, fjárkaupum vörslu á fénu og flutningi þess er tekin af bændunum. Svo margþætt og flókin aðgerð eins og fjárskipti eru verður ekki framkvæmd með nægu öryggi án fullrar þátttöku bændanna, sem bundin sé í lög. Það þarf sterk rök til að umbylta svo sem hér er áformað lögum sem hafa staðist lítið breytt í meira en 50 ár, þegar enn er verið að fást við svipuð verkefni og í upphafi.

Gert ráð fyrir því að Sauðfjársjúkdómanefnd verði lögð niður og í hennar stað skipuð nefnd þriggja (embættis?)manna þ.e. fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttasambands bænda auk yfirdýralæknis. Þar með er kippt úr sambandi þýðingarmiklum beinum tengslum Alþingis við starfsemi, sem stundum hefur verið mjög kostnaðarsöm og alltaf viðkvæm. Nefndarskipun eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er ekki til bóta að okkar dómi og fráleitt að hún ráði betur við framkvæmd viðkvæmra og vandasamra mála en Sauðfjársjúkdómanefnd hefur gert.

Hér er vakin athygli á skiptingu smitsjúkdóma í flokka, en hún fylgir frumvarpinu sem.....

- VIÐAUKI I tilkynningaskyldir sjúkdómar (hörð viðbrögð) og  
- VIÐAUKI II skráningaskyldir sjúkdómar (væg viðbrögð).

Þessi flokkun er með öllu óraunhæf og ekki sniðin að íslenskum þörfum. Í viðauka II eru margir alvarlegir sjúkdómar, sem aldrei hafa fundist hér á landi, hafa verið upprættir eða vel á veg komið með upprætingu þeirra. Slíkir sjúkdómar eiga vitaskuld allir að vera í viðauka I.

Vegna baráttu gegn smitsjúkdómum hér á landi í áratugi, sem vart á sér líka annars staðar í heiminum, hefur tekist að einangra og uppræta: Votamæði, þurramæði og visnu í sauðfé, berklaveiki, hringskyrfi og sullaveiki í búfé, kláða og óþrif í sauðfé á stórum svæðum landsins. Alvarleg tilraun er nú gerð til að uppræta riðuveiki í sauðfé og hindra smitun nautgripa og loðdýra af þeirri veiki. Garnaveiki hefur verið haldið í skefjum og viss landsvæði hafa verið varin alveg gegn henni. Sama má segja um tannlos og kýlaveiki í sauðfé. Fleiri smitsjúkdóma mætti nefna.

Í þessari baráttu hefur landinu verið skipt með varnarlinum (girðingar, ár, öræfi, haf) í varnarhólf. Í Varnarhólfunum er smitsjúkdómaástand mjög misjafnt. Þessi sérstaða okkar með varnarhólfum hefur gert okkur kleyft að vinna markvissar að upprætingu smitsjúkdóma en unnt er víðast hvar erlendis, þrátt fyrir takmarkað fjármagn til þeirra hluta oftast nær miðað við það sem þekktist erlendis. Óf lítið tillit er tekið til þessa í frumvarpinu.

Vegna þessarar sérstöðu er að óskynsamlegt að byggja um of á erlendum fordæmum í lagasetningu eins og hér var gert.

Frumvarp þetta þarf að vinna betur að okkar dómi og er hér lagt til að því verði vísað til Búnaðarþings sem senn verður haldið. Mun þá gefast betra svigrúm til að sníða af því vankanta sem enn eru á því í samráði við fulltrúa þeirra manna, sem lagafrumvarp þetta mun snerta mest.

f.h. dýralæknanna á Keldum

